

Sp. 59. Tillaga til þingsályktunar [56. mál]

um endurskoðun orkulaga.

Flm.: Jón Árnason, Gunnar Gislason, Matthías Bjarnason, Guðlaugur Gislason, Friðjón Þórðarson, Ólafur G. Einarsson, Lárus Jónsson, Pétur Sigurðsson, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar endurskoða orkulög, nr. 58 29. apríl 1967, með það fyrir augum, að komið verði á sérstökum orkuveitum landshluta, er taki við verkefnum Rafmagnsveitna ríkisins. Aðilar að þeim landslutaveitum gætu einnig orðið aðrar rafveitur, sem fyrir eru á hverju svæði.

Þá skal einnig athuga, hvort ekki sé rétt, að ákvæði IV. kafla laganna, um Rafmagnseftirlit ríkisins, verði í sérstökum lögum og að stofnun sú heyri beint undir ráðherra.

Enn fremur skulu ákvæði laganna um hlutverk Orkustofnunar endurskoðuð, svo og önnur ákvæði, ef þurfa þykir.

G r e i n a r g e r ð .

Samhljóða tillaga var flutt á síðari hluta síðasta þings, en náði þá ekki að hljóta afgreiðslu Alþingis. Tillögunni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Þótt ekki sé langt um liðið frá setningu orkulaga, en Alþingi samþykkti þau 18. apríl 1967, teljum við mjög tímabært og nauðsynlegt að taka þau til endurskoðunar og gera á þeim, eða sumum köflum þeirra, verulegar breytingar. Er þar fyrst að nefna kaflann um Rafmagnsveitur ríkisins. Skömmu áður en orkulögin voru sett, hafði Alþingi samþykkt lög um Landsvirkjun og Laxárvirkjun, tvö raf-

orkufyrirtæki í sameign ríkis og sveitarfélaga fyrir tiltekin svæði í landinu. Litum við flm. svo á, að með því hafi verið mörkuð sú stefna, er fylgja heri í raforkumálum, þ. e. að skipta landinu í orkuveitusvæði eftir hagkvæmum landfræðilegum mörkum og stjórnunarlegum, t. d. í samræmi við núverandi kjördæmi. Fyrir þessu er mjög vaxandi áhugi um byggðir landsins. Í öllum landshlutum eru risin eða að rísa orkuver, sem byggja grunninn undir þessa skipan mála. Viðurkennt er, að í vatnsorkunni er ein mesta auðlind lands okkar, sem með látlausum tækniframförum verður auðnýttari, og jafnframt kalla tækniframfarirnar á síaukna orkunotkun, sem í senn tryggir fjárhagsgrunn orkuveitnanna og kallar fram vilja íbúanna á hverju svæði til valds yfir þessum verðmætum, stjórn þeirra og ábyrgð allri. Menn átta sig sífellt betur og betur á því, að raforkumál eru í því engin undantekning, að sjálfs er höndin hollust, og fjarstýringar frá miðstöð í höfuðborginni er ekki þörf, umfram það, sem auðvitað er eðlilegt, að raforkuráðuneyti hafi yfirstjórn raforkumála. Skipa ætti þessum málum í sérstökum lögum.

Orkusjóður fær nú verðjöfnunargjald af raforku, og gengur gjaldið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins. Fullkomlega eðlilegt er að taka raforkugjald í einhverju formi í sameiginlegan sjóð, m. a. til að jafna nokkuð aðstöðu ýmissa byggðarlaga til raforkunotkunar, einkum vegna dreifingar, þar sem vegalengdir eru miklar. Sá stuðningur á að koma sem stofnframlag í framkvæmdir, svo sem dreifilínur o. fl., en ekki sem rekstrarstyrkur. Á þennan hátt stendur eftir sem áður ólömuð hvöt til hagfellds rekstrar á svæðinu, sem er hið mikilvægasta atriði, sem nýtur sín þar, sem ábyrgð, áhætta og ávinningur eru í órofa tengslum. Misjafnlega hagkvæm orkuframléiðsla hefur áhrif á heildarafkomu svæðisins, m. a. getur mjög hagkvæm virkjunaraðstaða bætt verulega upp óhagstæða dreifingu.

Hin nýja stétt, tæknimennirnir dreifast um landið, verða burðarásar í athafnalífi byggðanna miklu fremur, þegar þeir eru starfsmenn svæðanna, en ekki sendimenn til skamms tíma í útleið frá Reykjavík.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá nú víða um dreifingu orkunnar til almennra nota og víðast hvar í strjálbýlinu. Við teljum, að þessa dreifingu orkunnar eigi orkuveitur svæðanna að hafa með höndum, enda sé þá tryggt, að eðlilegt samstarf sveitarfélaga á orkuveitusvæðinu sé fyrir hendi.

Með vaxandi raforkunotkun og almennu dreifikerfi um land allt er gert ráð fyrir, að tengt verði saman raforkunet milli fjórðunga. Ýmsir telja, að skilyrði þessarar samtengingar sé, að eitt fyrirtæki og þá helzt ríkið hafi alla framleiðslu og höfuðdreifingu. Þetta teljum við mesta misskilning. Samtengingin á að gerast með viðskiptasamningi milli tveggja eða fleiri orkuveitna, sem mætast á jafnréttisgrundvelli að semja um beggja eða allra hagsmuni.

Orkuveitur svæðanna verða fyrirtæki sveitarfélaga eða sameiginlega ríkis og sveitarfélaga. Þau skapa jafnréttistilfinningu fólksins, þar sem engin svæði eru 2. flokks.

Í tillögugreininni gerum við ráð fyrir, að athugað verði um það, að Rafmagns-eftirlit ríkisins sé tekið út úr orkulögnum og verði sett sjálfstæð löggjöf um þessa stofnun, sem heyri beint undir ráðherra. Teljum við þá skipan eðlilega.

2. gr. laganna um hlutverk Orkustofnunar, þarf að endurskoða. Þar eru viðfangsefni nefnd, er eðlilegra væri að heyru beint undir raforkuráðuneytið. Undirstrika ber mjög rækilega, að Orkustofnunin sé rannsókn- og ráðgefandi stofnun, en hafi ekki með höndum framkvæmdir eða annan rekstur. — Fleira kemur til athugunar í þessari löggjöf, m. a. efling Orkusjóðs, svo að hann geti betur stuðlað að aukinni orkuöflun og dreifingu með beinum fjárfraumlögum og lánveitingum til orkuveitna í hinum ýmsu landshlutum, enda verði sjálfar raflínurnar um dreifbýlið lagðar með ríkisframlögum, svo sem verið hefur“.